

Leiðbeiningar hollustuháttahóps um verklagsreglur er varðar kaldar laugar

Eftirfarandi verklagsreglur voru unnar á haustfundi hollustháttahóps, en hópurinn er samstarfshópur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar. Tilgangur verklagsreglanna er að samræma eftirlit með köldum laugum á heilbrigðiseftirlitssvæðunum.

Lagt er til að eftirfarandi atriði skulu vera til staðar:

- a) Skýrar leiðbeiningar skulu vera sýnilegar með upplýsingum um:
 - i) að varhugavert sé að dvelja of lengi í köldu lauginni,
 - ii) hitastig vatnsins á/við laugar,
 - iii) að ef ekki er notaður klór skal vakin sérstök athygli á því í merkingu laugar.
- b) Mælst er til að kaldar laugar séu staðsettar nálægt heitum pottunum/setlaugum svo baðgestir geti farið í víxl-böð sem minnkar líkurnar á ofkælingu.
- c) Mælst er til þess að starfsfólk lauga kynni sér einkenni og meðhöndlun ofkælingar.
- d) Huga skal að aðgengi og slysaþættu t.d. að setja skuli tröppur og handrið meðfram tröppum lauga.
- e) Setja skal inná þrifaáætlun baðstaðar að kaldar laugar skulu tæmdar og þrífarnar í lok hvers dags.

Samþykkt mars 2016



Gunnlaug H. Einarsson
Sviðstjóri svið sjálfbærni